

Fjárföng ehf

Ársreikningur 2023

Fjárföng ehf
kt. 621121-2270
Arnarhvoli, 101 Reykjavík

Efnisyfirlit

Bls.

Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra	2
Áritun Ríkisendurskoðunar	3
Rekstrarreikningur	5
Efnahagsreikningur	6
Sjóðstreymisyfirlit	7
Skýringar	8

Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

Fjárföng ehf er ríkisaðili í A3-hluta ríkissjóðs sem var stofnað með heimild í 6. gr. fjárlaga 2021, sbr. lið 5.9.

Hlutverk félagsins er að standa að fjármögnun á minni fjárfestingum hjá ríkisaðilum sem styðja við umbætur og hagræðingu í ríkisrekstri, s.s. hugbúnaðarkerfum, vélum, tækjum o.þ.h.

Félagið hafði engar tekjur á árinu 2023. Tap ársins nam 2,7 m. kr. Hrein eign skv. efnahagsreikningi nam 42,2 m. kr.

Félaginu er ekki ætlað að greiða arð skv. samþykktum félagsins.

Enginn starfsmaður starfaði hjá félaginu á árinu.

Ríkissjóður Íslands kt. 540269-6459 er eini hluthafi félagsins.

Það er álit stjórnar og framkvæmdastjóra Fjárfanga ehf. að ársreikningur félagsins sé í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og er það álit stjórnar og framkvæmdastjóra að ársreikningurinn gefi glögga mynd af rekstrarárangri ársins, eignum, skuldum og fjárhagsstöðu félagsins 31. desember 2023.

Stjórn Fjárföngs ehf. staðfestir hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2023 með undirritun sinni.

Reykjavík, 8. maí 2024

Í stjórn félagsins:

Guðrún Birna Finnsdóttir
Stjórnarmaður

Jón Gunnar Vilhelmsson
Stjórnarformaður

Kjartan Dige Baldursson
Stjórnarmaður

Guðrún Birna Finnsdóttir
Framkvæmdastjóri

(undirritað rafrænt)

Áritun Ríkisendurskoðunar

Til stjórnar og hluthafa Fjárfanga ehf.

Álit

Ársreikningur Fjárfanga ehf. fyrir árið 2023 er endurskoðaður samkvæmt lögum nr. 46/2016, um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisýfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit Ríkisendurskoðunar að ársreikningurinn sýni glögga mynd af fjárhagsstöðu Fjárfanga ehf. 31. desember 2023, afkomu félagsins og breytingu á handbæru fé á árinu 2023, í samræmi við lög um ársreikninga.

Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð ríkisendurskoðanda hér á eftir. Ríkisendurskoðandi er óháður Fasteignum Háskóla Íslands ehf. og starfar í samræmi við lög nr. 46/2016, um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga, og siðareglur alþjóðasamtaka ríkisendurskoðana (INTOSAI). Skrifstofa ríkisendurskoðanda nefnist Ríkisendurskoðun og fer hann með stjórn hennar. Ríkisendurskoðandi telur að við endurskoðunina hafi verið aflað nægjanlegra og viðeigandi gagna til að byggja álit Ríkisendurskoðunar á ársreikningnum.

Aðrar upplýsingar

Að álit Ríkisendurskoðunar koma fram í skýrslu stjórnar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104. gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri (stjórnendur) eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórnendur eru einnig ábyrgir fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er að sé til staðar við gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreiknings eru stjórnendur ábyrgir fyrir því að meta rekstrarhæfi Fasteigna Háskóla Íslands ehf. og setja inn skýringu ef þess er þörf. Ef við á skulu stjórnendur setja fram viðeigandi skýringar um rekstrarhæfi og hvers vegna þau ákváðu að beita forsendu um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu ársreiknings, nema stjórnendur hafi ákveðið að leysa félagið upp eða hætta starfsemi, eða hafa enga aðra raunhæfa möguleika en að leysa félagið upp.

Ábyrgð ríkisendurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið ríkisendurskoðanda er að aflað sé nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit Ríkisendurskoðunar á ársreikningnum. Nægjanleg víska er mikið öryggi, en ekki trygging þess að endurskoðun sem framkvæmd er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Endurskoðun var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla og hún byggir á faglegri dómgreind og gagnrýni. Einnig framkvæmir Ríkisendurskoðun eftirfarandi:

- Greinir og metur hættu á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, endurskoðunaraðgerðir skipulagðar og framkvæmdar til að bregðast við þeirri hættu og afla endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að undirbyggja álit á reikningnum. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, villandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá reglum innra eftirlits.
- Aflar skilnings á innra eftirliti í þeim tilgangi að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir og meta hvort það tryggir viðunandi árangur.
- Metur hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda ásamt tengdum skýringum séu viðeigandi í samræmi við reikningsskilareglur.
- Ályktar um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og á grundvelli endurskoðunarinnar leggur mat á hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef endurskoðunin leiðir í ljós að talið sé að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreiknings í áritun Ríkisendurskoðunar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þarf að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða Ríkisendurskoðunar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar. Engu að síður geta aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi félagsins.
- Metur í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metur framsetningu, uppbyggingu, innihald, þar með talið skýringar með tilliti til glöggrar myndar.

Ríkisendurskoðun ber að upplýsa stjórn félagsins um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og mikilvæg atriði sem fram komu við endurskoðunina, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti.

Ríkisendurskoðun, ágúst 2024

Guðmundur Björgvin Helgason,
ríkisendurskoðandi

(undirritað rafrænt)

Rekstrarreikningur ársins 2023

	Skýr	2023	2022
Tekjur			
Leigutekjur		0	0
		<hr/>	<hr/>
Tekjur samtals		0	0
Gjöld			
Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður	1	0	4.507.773
Annar rekstrarkostnaður	2	2.648.173	593.080
		<hr/>	<hr/>
Gjöld samtals		2.648.173	5.100.853
Afkoma fyrir fjármagnsliði		(2.648.173)	(5.100.853)
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Vaxtatekjur, verðbætur og gengishagnaður		0	0
Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap		(2.871)	0
		<hr/>	<hr/>
		(2.871)	0
Hagnaður (tap) ársins		<hr/> <hr/> (2.651.044)	<hr/> <hr/> (5.100.853)

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um afkomu ársins.

Efnahagsreikningur 31. desember 2023

	Skýr	31.12.2023	31.12.2022
Eignir			
Veltufjármunir			
Tengdir aðilar	3	126.877.999	0
Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður		37.800.000	0
Handbært fé	4	0	44.899.147
Veltufjármunir samtals		<u>164.677.999</u>	<u>44.899.147</u>
Eignir samtals		<u>164.677.999</u>	<u>44.899.147</u>
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé	5		
Hlutfé		50.000.000	50.000.000
Ójafnað tap		(7.751.897)	(5.100.853)
Eigið fé samtals		<u>42.248.103</u>	<u>44.899.147</u>
Skuldir			
Tengdir aðilar		122.429.896	0
Skuldir samtals		<u>122.429.896</u>	<u>0</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u>164.677.999</u>	<u>44.899.147</u>
Aðrar upplýsingar	6		

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti efnahagsreiknings.

Sjóðstreymisýfirlit ársins 2023

	Skýr	2023	2022
Rekstrarhreyfingar			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Afkoma ársins		(2.651.044)	(5.100.853)
Lækkun (hækkun) rekstartengdra eigna:			
Viðskiptakröfur - aðrar skammtímakröfur		(37.800.000)	0
Tengdir aðilar		(4.448.103)	0
Hækkun (lækkun) rekstartengdra skulda:			
Skammtímaskuldir		0	0
		<u>(42.248.103)</u>	<u>0</u>
Handbært fé frá rekstri		<u>(44.899.147)</u>	<u>(5.100.853)</u>
Fjármögnunarhreyfingar			
Tengdir aðilar		0	0
		<u>0</u>	<u>0</u>
Hækkun (lækkun) á handbæru fé		(44.899.147)	(5.100.853)
Handbært fé í byrjun árs		44.899.147	50.000.000
Handbært fé í árslok		<u>0</u>	<u>44.899.147</u>

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti sjóðstreymisýfirlits.

Skýringar

1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

Starfsemi

Fjárföng ehf., kt. 621121-2270 er íslenskt einkahlutafélag. Höfuðstöðvar félagsins eru að Arnarhvoli, 101 Reykjavík. Félagið starfar á grundvelli laga nr. 138/1994 um einkahlutafélög.

Hlutverk félagsins er að standa að fjármögnun á minni fjárfestingum hjá ríkisaðilum sem styðja við umbætur og hagræðingu í ríkisrekstri, s.s. hugbúnaðarkerfum, vélum, tækjum o.þ.h.

Ríkissjóður Íslands er eini eigandi félagsins og er ríkisaðili í A3-hluta ríkissjóðs og er félagið hluti af ríkisreikningi.

Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga. Hér er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem beitt er við gerð ársreikningsins. Reikningsskilin eru skv. kostnaðarverðsreglu og eru á rekstrargrunni að öðru leyti en sjóðsstreymi sem er gert á greiðslugrunni.

Við gerð ársreiknings þurfa stjórnendur, í samræmi við lög um ársreikninga, að taka ákvarðanir, meta og draga ályktanir sem hafa áhrif á eignir og skuldir á reikningsskiladegi, upplýsingar í skýringum og tekjur og gjöld. Við mat og ályktanir er byggt á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti. Raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir getur við sölu eða innlausn reynst annað en niðurstaða samkvæmt matinu. Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem þær eiga sér stað.

Tekjur

Leigutekjur af eignum eru færðar í rekstrarreikning í samræmi við leigusamninga á leigutímanum. Þannig eru tekjur vegna veittrar þjónustu færðar línulega yfir þann tíma sem þjónustan er veitt, nema fyrir liggja atvik sem betur lýsir lokum viðskiptanna.

Gjöld

Gjöld eru færð á því tímabili þegar til þeirra er stofnað.

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld eru færðar fyrir viðkomandi tímabil í samræmi við viðeigandi höfuðstól og vaxtaþrósentu.

Handbært fé

Handbært fé og jafngildi þess eru færð í efnahagsreikning á kostnaðarverði. Handbært fé samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

Tengdir aðilar

Tengdir aðilar er ríkissjóður og aðrir ríkisaðilar.

Samanburðarfjárhæðir

Þar sem við á hefur samanburðarfjárhæðum verið breytt til þess að gæta samræmis við breytingu á framsetningu þessa árs.

Skýringar

	2023	2022
1 Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður		
Laun	0	3.850.000
Launatengd gjöld	0	657.773
	<u>0</u>	<u>4.507.773</u>

Meðalfjöldi stöðugilda 0 0,5

	2023	2022
2 Annar rekstrarkostnaður		
Sérfræðipjónusta	2.284.880	589.580
Innheimta, umboðs-, sölu- og þjónustugjöld	228.974	0
Opinber gjöld	134.319	3.500
Annar rekstrarkostnaður samtals	<u>2.648.173</u>	<u>593.080</u>

31.12.2023 31.12.2022

3 Tengdir aðilar

Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og viðskipti við ótengda aðila.

Kröfur á tengda aðila:

Aðrir ríkisaðilar	126.877.999	0
	<u>126.877.999</u>	<u>0</u>

Skuldir við tengda aðila:

Viðskiptareikningur við ríkissjóð	115.942.502	4.950.853
Viðskiptareikningar við ríkisaðila	6.487.394	0
	<u>122.429.896</u>	<u>4.950.853</u>

4 Handbært fé

Handbært fé	0	44.899.147
	<u>0</u>	<u>44.899.147</u>

5 Eigið fé

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum;

	Hlutfé	Ójafnað tap	Samtals
Hrein eign			
Jöfnuður 1.1.	50.000.000	(5.100.853)	44.899.147
Hagnaður (tap) ársins		(2.651.044)	(2.651.044)
Jöfnuður 31.12.	<u>50.000.000</u>	<u>(7.751.897)</u>	<u>42.248.103</u>

Hlutfé félagsins nam 50.000.000 kr. í lok ársins. Eitt atkvæði fylgir hverjum einnar krónu hlut í félaginu.

Skýringar

6 Aðrar upplýsingar

Skuldbindandi samningar

Engir skuldbindandi samningar hjá félaginu.

Veðsetningar

Engar veðsetningar hvíla á eignum félagsins.

Veittar ábyrgðir

Félagið hefur ekki gengist í neinar ábyrgðir vegna þriðja aðila

Óafturkallanleg loforð

Félagið hefur ekki veitt nein óafturkallanleg loforð sem hafa áhrif á framtíðarrekstur þess.

Atburðir eftir reikningsskiladag

Engir atburðir hafa átt sér stað eftir reikningsskiladag sem hafa áhrif á fjárhagsstöðu og upplýsingar í ársreikningi.